

Sveitarfélagið Ölfus  
b/t Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 26. maí 2020  
UST202005-032/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga - Deiliskipulag - eldisstöð við Nesbraut í Þorlákshöfn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 5. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir allt að 1.800 tonna fiskeldi við Nesbraut í Þorlákshöfn.

Í erindi sveitarfélagsins og greinargerð kemur fram að Íspór ehf. áformar að stækka eldisstöð sína að Nesbraut 23-27 úr 600 í 1800 tonna ársframleiðslu. Að framkvæmdum loknum verður heildar eldisrými um 51.360 m<sup>3</sup>, þar af 46.360 m<sup>3</sup> utandyra og 5.000 m<sup>3</sup> undir þaki. Heildarvatnspörf í kjölfar framkvæmda hefur verið áætluð allt að 6.500 l/s af jarðsjó, 700 l/s af fersku vatni og 15 l/s af heitu vatni.

Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 15. maí 2020 varðandi frummatsskýrslu ofangreinds verkefnis.

**Hafnarnes**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, nefnist Hafnarnes við Þorlákshöfn og er númer 757 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið er sunnan byggðar í Þorlákshöfn og nær vestur að Flesjum og er svæðið skilgreint sem útivistarsvæði í grennd við þéttbýli. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þetta komi fram í tillögunni.

Í greinargerð kemur fram að umfang fiskeldisins eykst og verður vissulega sýnilegt frá þéttbýlinu í Þorlákshöfn og eru áhrifin á ásýnd svæðisins því talin óveruleg en neikvæð.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að metin séu áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins m.t.t. útivistar og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Að mati Umhverfisstofnunar getur tillagan haft neikvæð áhrif á útivistargildi svæðisins.

### Frárennsli

Í greinargerð kemur fram að frárennsli frá fiskeldinu rennur út í sjó um tvær fráveitulagnir sem þegar hafa verið lagðar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að ásýnd fráveitulagna. Stofnunin bendir jafnframt á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 en þar segir í gr. 9.2 að leggja þurfi útrás minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Í greingerð kemur fram að fjaran einkennist af miklu brimi og er því mjög ólíklegt að lífrænt efni nái að safnast upp í fjörunni og því er talið að áhrif á fjöruna verði óveruleg. Í greinargerð kemur einnig fram að frárennsli frá stöðinni eykst og því má gera ráð fyrir að ásókn fugla aukist samhliða. Umhverfisstofnun telur umhverfisskýrslu óljósa hvað varðar umhverfisáhrif losunar á auknu lífrænu efni við útrás.

Umhverfisstofnun telur ekki jákvætt að frárennsli eldisstöðvarinnar sé þannig í fjörunni að þar myndist aðstæður þar sem sílamáfar safnist saman í miklum fjölda. Stofnunin telur að með viðunandi hreinsun frárennslis og með blöndun þess í brimsömum viðtaka ætti lífrænn úrgangur ekki að vera nægur til að slíkar aðstæður komi upp. Ef til þess kemur að ágangur fugla við útrás frárennslis sé mikill telur Umhverfisstofnun að rekstraraðili verði að bregðast við því með mótvægisáðgerðum.

### Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um meðhöndlun úrgangs frá eldinu eins og fastefnis (set úr hreinsunarsíum), dauðum fiski og blóðvatns og hvort hann er sendur í urðun eða í endurnýtingu.

Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsöröðun um meðhöndlun úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Efnið sem síast úr frárennsli fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosförs í formi saurs fiska og fóðurleifa.

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin vinnur að gerð leiðbeininga til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli, m.a. til áburðar fremur en til förgunar með urðun.

### Samlegðaráhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.



**UMHVERFIS  
STOFNUN**

Í greinargerð kemur fram að nú þegar eru starfrækt fiskeldisfyrirtæki austar á ströndinni. Fjarlægð frárennslis þeirra þriggja fiskeldisfyrirtækja er þegar eru með rekstur á svæðinu er milli 1.400 til 2.500 m mælt eftir strandlínu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að samlegðaráhrif séu metin, sérstaklega m.t.t. fráveitu og úrgangs.

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur